

Minnisblað

1803160 – Ærslabelgur

Til bæjarráðs

Frá Sigríði Kristinsdóttur, bæjarlögmaður og Jóni Inga Þorvaldssyni persónuverndarfulltrúa

Dags: 27. nóvember 2020

Á fundi bæjarráðs 5. nóvember sl. var óskað er eftir upplýsingum um reynslu annarra sveitarfélaga af notkun öryggismyndavéla.

Eftir lauslega könnun hjá nágrennasveitarfélögum okkar á því hvort æslabelgir eða opin leiksvæði/almenningsvæði væri vöktuð með eftirlitsmyndavélum þá liggur fyrir eftirfarandi:

1. Garðabær – er ekki með vöktun við opin svæði eins og leiksvæði. Aðeins byggingar bæjarins og löggæslumyndavélar.
2. Kópavogur – uppsett vél við æslabelg í þágu eignavörslu. Engar frekari upplýsingar um mat á vöktun eða tilgang. Að öðru leyti ekki upplýsingar um frekari vöktun af hálfu Kópavogsbæjar. við opin svæði eins og leiksvæði. Löggæsluvél af hálfu lögreglu í þágu löggæslu nær þó til hluta af æslabelgssvæði.
3. Mosfellsbær hefur ekki vélar við opin leiksvæði s.s. æslabelgur og svæði við Álafoss eða leiksvæði við Varmá.
4. Reykjavík - Ekki æslabelgir eða slík svæði vöktuð. Stefna virðist ekki í átt að slíkri vöktun.